



Fornleifavernd
ríkisins



Ársskýrsla 2003

Efnisyfirlit

Ávarp forstöðumanns	3
Hlutverk	5
Umhverfismat	7
Skipulagsmál	9
Fornleifarannsóknir	11
Friðlýstar fornleifar	15
Kirkjuminjar	17
Samstarf	19
Verkefni minjavarða	21
Fjármál	27
Útgáfa og miðlun	29
Starfsstöðvar og starfsfólk	31



Stiklað á steinum

Ávarp forstöðumanns

Fornleifavernd ríkisins var stofnuð með Þjóðminjalögum nr. 107/2001 og hófst starfsemin 15. október 2001. Árið 2003 var því annað heila starfsár stofnunarinnar en á þessu ári var unnið að því að styrkja stöðu þessarar ungu stofnunar og hlúa að helstu stefnumálum hennar.

Meginstefna Fornleifaverndar ríkisins er:

-Að auka skilning og áhuga Íslendinga á menningarminjum.

- Að opna augu þjóðarinnar fyrir þeim möguleikum sem felast í fornleifum og minningarmörkum og hvernig þær geta auðgað líf okkar allra.

- Að vera í forystu hvað varðar upplýsingamiðlun um fornleifar, minningarmörk og kirkjugripi.

- Að vekja þjóðina til ábyrgðar um varðveislu menningarminja.

Framlög ráðuneyta vegna fornleifarrannsókna voru óvenju há í ár. Ástæða þess er fyrst og fremst að Fornleifavernd ríkisins var fengið það verkefni að láta rannsaka fornleifar í landi Sómastadagerðis við Reyðarfjörð með fornleifagrefti en þar mun rísa álver á næstu árum. Fornleifafræðistofan ehf. var fengin til að vinna verkið.

Önnur ástæða þessa háa framlags voru björgunarrannsóknir í Keldudal í Skagafirði, en þar kom óvænt í ljós við framkvæmdir kirkjugarður, sem aldursgreindur var meðal elstu kirkjugarða í landinu. Stofnunin fékk framlag frá Menntamálaráðuneytinu til rannsókna í Keldudal og var stjórn verkefnisins falin fornleifafræðingi Byggðasafnsins í Glaumbæ.

Skráning upplýsinga um fornleifar og miðlun upplýsinganna var verkefni sem lögð var áhersla á árið 2003. Unnið var að endurskoðun á friðlýstum fornleifum í landinu. Fyrsti áfanginn var að fara yfir heimildir um friðlýstu minjarnar. Í tengslum við þá vinnu voru upplýsingar um friðlýstar fornleifar gerðar aðgengilegar í netgáttinni *Opin menning*, sem vistuð var hjá menntamálaráðuneytinu. Þá voru skráðar upp-

lýsingar um friðlýstar fornleifar, auk upplýsinga um kirkjugripi í gagnagrunninn Sarp.

Hafist var handa við að gera árangursstjórnunarsamning milli Menntamálaráðuneytis og Fornleifaverndar. Þeirri vinnu verður haldið áfram á næsta ári.

Eflid voru tengsl við erlendar stjórn-sýslustofnanir á sviði fornleifaverndar. Forstöðumaður sótti fund þjóðminjavarða Norðurlanda í Danmörku og starfsfólk tók þátt í samnorrænum verkefnum á sviði minjavörslu, og er fjallað nánar um þau hér í skýrslunni. Þá var lögð áhersla á að efla samvinnu við innlenda aðila. Til að mynda hófst, á síðasta ári, samstarf við Háskóla Íslands um kennslu í fornleifafræði og voru fyrstu fyrirlestrarnir haldnir á haustönn 2003.



Kristín Huld Sigurðardóttir





Keldudalur í Skagafirði

Hlutverk

Markmið þjóðminjalaga og hlutverk Fornleifaverndar ríkisins er að tryggja eftir föngum varðveislu menningarsögulegra minja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af þeim og greiða fyrir rannsóknum.



Fornleifavernd ríkisins er stjórnýslustofnun sem heyrir undir menntamálaráðherra. Stofnunin er staðsett á fimm stöðum; á Suðurgötu 39 í Reykjavík, Stykkishólmi, Sauðárkróki, Akureyri og Egilsstöðum.



Helstu verkefni stofnunarinnar eru þessi:

- Eftirlit með fornleifum, fornleifarannsóknum og gripum í kirkjum landsins
- Leyfisveitingar vegna allra staðbundinna og tímabundinna fornleifarannsókna
- Stefnumörkun vegna skráningar fornleifa, minningarmarka og kirkjugripa
- Umfjöllun og leyfisveitingar vegna förgunar fornleifa
- Umfjöllun og leyfisveitingar vegna flutnings og förgunar kirkjugripa
- Friðlýsing fornleifa, minningarmarka og kirkjugripa
- Merking friðlýstra fornleifa
- Umsagnir vegna skipulagsvinnu og umhverfismats
- Umsagnir vegna friðunar og breytinga á húsum
- Ráðgjöf um varðveislu og kynningu menningarsögulegra minja
- Ráðgjöf vegna skráningar, rannsókna og varðveislu fornleifa
- Leiðbeiningar vegna kostnaðaráætlana og framkvæmda rannsóknarverkefna
- Útboð vegna fornleifarannsókna
- Útgáfa skráa um friðlýstar fornleifar, kirkjugripi og minningarmörk
- Stefnumörkun þjóðminjavörslunnar í samvinnu við þjóðminjavörð

Fornleifavernd ríkisins starfar samkvæmt *þjóðminjalögum* nr. 107/2001, ákvæðum í lögum um *flutning menningarverðmæta til annarra landa* nr. 105/2001 og lögum um *húsafriðun* nr. 104/2001.



Borgarfjörður eystri

Umhverfismat

Meðal starfssviða Fornleifaverndar ríkisins eru umhverfismál og skipulagsmál en Fornleifavernd er umsagnaraðili í umhverfismati og tekur virkan þátt í skipulagsferli sveitarfélaganna.


Markmið laga um umhverfismat er m.a. að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Menningarminjar eru einn þeirra þátta sem teknir eru til skoðunar í umhverfismati. Fornleifavernd ríkisins er umsagnaraðili um menningarminjar í umhverfismati.

Stofnunin veitir Skipulagsstofnun umsögn um hvort fjallað sé á fullnægjandi hátt um menningarminjar í matsferlinu, tilgreinir hvað þarf að kanna frekar og bendir á mögulegar mótvægisáðgerðir, séu minjar á framkvæmdasvæði.

Umsagnir eru unnar í aðalstöðvunum í Garðabæ í samvinnu við minjaverði á viðkomandi svæðum. Fjallað var um 50 umhverfismatsmál á árinu 2003 vegna margvíslegra framkvæmda svo sem vega-gerðar, snjóflóðavarna, virkjanna, og skógræktar. Sjá töflu 1.

Tafla 1





Hlaðin rúst í Skötufirði


Skipulagsmál

Fornleifar eru verðmæti sem nauðsynlegt er að varðveita fyrir komandi kynslóðir. Með því að taka tillit til fornleifa strax í upphafi skipulagsvinnu er hægt að komast hjá óþarfa töfum og tilkostnaði þegar framkvæmdir hefjast.


Við aðalskipulag er yfirlitsskráning gerð á fornleifum með heimilda- og vettvangskonunn. Þar sem aðalskipulag er notað sem grunnur fyrir deiliskipulag er mjög mikilvægt að sem bestar upplýsingar komi fram í aðalskipulagi. Með því að skrá fornleifar fyrir aðalskipulag er hægt að sneiða hjá fornleifunum á deiliskipulagsstigi.

Veittar voru umsagnir um tvö svæðis- skipulagsmál, í Austur Húnavatnssýslu og við Grundartanga í Hvalfirði, 11 aðalskipulagsmál og 70 deiliskipulagsmál. Skiptingu aðal- og deiliskipulagsmála eftir landsvæðum má sjá í töflum 2 og 3.

Tafla 2



Tafla 3





Keldudalur í Skagafirði

Fornleifarannsóknir

Fornleifavernd ríkisins veitti 35 leyfi til fornleifarannsókna 2003 og hafa aldrei fyrr verið jafn margar rannsóknir í gangi á svo stuttum tíma. Flest þessara leyfa eru veitt til hreinna vísindarannsókna eða 24. Níu rannsóknir eru svokallaðar neyðar-rannsóknir vegna ýmiss konar framkvæmda svo sem snjóflóðavarnargarða, vegagerðar og álvers.

1. Vogur í Reykjanesbæ. Rannsókn á landnámskála. Stjórnandi Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofunni ehf.

2. Aðalstræti 14 -16 í Reykjavík. Könnun vegna byggingaframkvæmda. Stjórnandi Howell Magnús Roberts, Fornleifastofnun Íslands ses.

3. Eyðibýlið Borg í landi Þverár í Öxarfirði. Prufuskurðir í garðlög. Stjórnandi Ragnar Edvardsson, Náttúrustofu Vestfjarða.

4. Sómastaðagerði við Reyðarfjörð. Vegna framkvæmda við álver í Reyðarfirði. Stjórnandi Howell Magnús Roberts, Fornleifastofnun Íslands ses.

5. Þingnes við Elliðavatn. Rannsókn á þingstað. Æfingagröftur fyrir nema í fornleifafræði við Háskóla Íslands. Samstarfsverkefni Þjóðminjasafns Íslands og Háskóla Íslands. Stjórnandi Guðmundur Ólafsson, Þjóðminjasafni Íslands.

6. Reykholt í Borgarfirði. Rannsókn á kirkju. Samstarfsverkefni Þjóðminjasafns Íslands og Fornleifastofnunar Íslands ses. Helsti styrktaraðili Kristnihátíðarsjóður. Stjórnandi Guðrún Sveinbjarnardóttir, Þjóðminjasafni Íslands.

7. Bæjarstæði Traðar í Bolungarvík. Vegna framkvæmda við snjóflóðavarnargarð. Stjórnandi Ragnar Edvardsson, Náttúrustofu Vestfjarða.

8. Skálholt. Rannsókn á biskupssetri. Helsti styrktaraðili: Kristnihátíðarsjóður. Stjórnandi Mjöll Snæsdóttir, Fornleifastofnun Íslands ses.

9. Kirkjubæjarklaustur. Rannsókn á nunnuklaustri. Helsti styrktaraðili: Kristnihátíðarsjóður. Stjórnandi Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofunni ehf.

10. Þingvellir. Rannsókn á þingstað. Hluti af þingstaðaverkefni Fornleifastofnunar Íslands ses sem styrkt er af Kristnihátíðarsjóði. Stjórnandi Adolf Friðriksson, Fornleifastofnun Íslands ses.

11. Smalaskálaholt á Spóastöðum. Prufuskurðir í garðlag og fjárborg. Framlenging leyfis frá 2002. Stjórnandi Mjöll Snæsdóttir.

12. Gásir við Hörgárósa. Rannsókn á versunarstað frá miðöldum. Samstarfsverkefni Fornleifastofnunar Íslands og Minjasafnsins á Akureyri. Helsti styrktaraðili: Kristnihátíðarsjóður. Stjórnandi Howell M. Roberts, Fornleifastofnun Íslands ses.

13. Hrisbrú og Leirvogur í Mosfellsbæ. Rannsókn á kirkju og kirkjugarði, og mögulegum grafreit í Hulduhól á Hrisbrú. Rannsókn á mögulegum minjum um skipalægi og versunarstað í Leirvogi. Stjórnandi Jesse Byock, University of California.

14. Könnunarskurðir og sýnataka á völdum stöðum í Skagafirði. Stjórnandi Douglas James Bolender.

15. Vatnsfjörður við Ísafjarðardjúp. Forkönnun minja á og við bæjarstæði Vatnsfjarðar. Stjórnandi Ragnar Edvardsson, Fornleifastofnun Íslands ses.

16. Hegranesþingstaður í Skagafirði. Rannsókn á tegund og aldri minja á svæðinu. Hluti af þingstaðaverkefni Fornleifastofnunar Íslands ses sem styrkt er af Kristnihátíðarsjóði. Stjórnandi Hildur Gestsdóttir.

17. Skriðuklaustur. Rannsókn á klausturminjum. Helsti styrktaraðili Kristnihátíðarsjóður. Stjórnandi Steinunn Kristjánsdóttir.

18. Holt í Vestur Eyjafjallahreppi og Fell í Mýrdalshreppi. Könnunarskurðir og bor-kjarnar teknir úr ruslahaugum. Liður í rannsóknarverkefninu: Landscapes circum landnám: Viking settlement in the North Atlantic and its human and ecological consequences sem styrkt er af Leverhulme Trust. Stjórnandi dr. Guðrún Sveinbjarnardóttir.

19. Könnunarskurðir vegna jarðgangagerðar milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar. Rannsókn á túngarði í landi Dala í Fáskrúðsfirði og tóft í landi Borgargerðis í Reyðarfirði. Stjórnandi Guðný Zoëga, Byggðasafni Skagfirðinga, Glaumbæ.

20. Bæjarhóll Eyrar á Ísafirði. Forkönnun á ástandi og umfangi minja í hólnum. Helsti styrktaraðili Fornleifasjóður. Stjórnandi Adolf Friðriksson, Fornleifastofnun Íslands ses.

21. Hólar og Hof í Hjaltadal og Kolkuós í Viðvíkursveit. Biskupssetur, bæjarstæði, kirkjugarður og verslunarstaður. Samstarfsverkefni Hólaskóla, Þjóðminjasafns Íslands og Byggðasafns Skagfirðinga. Helsti styrktaraðili Kristnihátíðarsjóður. Stjórnandi Ragnheiður Traustadóttir, Þjóðminjasafni Íslands.

22. Hofstaðir, Skútustaðahreppi, Suðurbíngeyjarsýslu. Rannsókn á kirkjugarði. Helsti styrktaraðili: Rannís. Stjórnandi Hildur Gestsdóttir, Fornleifastofnun Íslands ses.

23. Saltvík í Reykjahverfi. Könnunarskurðir í mögulega landnámsskála. Helsti styrktaraðili Rannís. Stjórnandi Orri Vésteinsson, Fornleifastofnun Íslands ses.

24. Rauðaskriða í Aðaldælahreppi. Forkönnun á kirkjugarði. Helsti styrktaraðili Menntamálaráðuneytið. Stjórnandi Orri Vésteinsson, Fornleifastofnun Íslands ses.

25. Höfðagerði, Núpum í Aðaldal. Rannsókn á bæjarstæði. Helsti styrktaraðili Rannís. Stjórnandi Oscar Aldred, Fornleifastofnun Íslands ses.

26. Sveigakot í landi Grænavatns í Mývatnssveit. Rannsókn á skála og jarðhúsum. Stjórnandi Orri Vésteinsson, Fornleifastofnun Íslands ses.

27. Innri Hvanney á Breiðafirði. Rannsókn á meintu kumli. Helsti styrktaraðili Norræni vísindasjóðurinn. Stjórnandi Adolf Friðriksson, Fornleifastofnun Íslands ses.

28. Fornigarður í Vogsósum. Rannsókn vegna framkvæmda við Suðurstrandaveg. Stjórnandi Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofunni ehf.

29. Ytri Fagridalur á Skarðsströnd, Dalasýslu. Rannsókn á þremur meintum kumlum. Stjórnandi Adolf Friðriksson, Fornleifastofnun Íslands ses.



30. Langhólanes á Höfn í Hornafirði. Rannsókn á tveimur mögulegum rústum, vegna framkvæmda. Stjórnandi Bjarni F. Einarsson, Fornleifastofunni ehf.

31. Byggingarreitur við Aðalstræti, Túngötu og Grjótagötu, Reykjavík. Rannsókn vegna framkvæmda. Stjórnandi Mjöll Snæsdóttir, Fornleifastofnun Íslands ses.

32. Gálmaströnd, Steingrímsfirði. Könnunarskurður í ætlaðan stekk, vegna framkvæmda. Stjórnandi Ragnar Edvardsson, Náttúrustofu Vestfjarða.

33. Hóll í Bolungarvík. Vegna framkvæmda. Stjórnandi Garðar Guðmundsson, Fornleifastofnun Íslands ses.


Björgunarrannsóknir á vegum Fornleifaverndar ríkisins:

Keldudalur í Skagafirði – kumlarannsókn. Um þá framkvæmd sá minjavörður Norðurlands vestra í samvinnu við Byggðasafn Skagfirðinga og Hólarannsókn.

Keldudalur í Skagafirði – rannsókn á kirkju og kirkjugarði. Stjórnandi Guðný Zoëga, Byggðasafni Skagfirðinga

Sómastaðagerði við Reyðarfjörð. Stjórnandi Bjarni F. Einarsson, Fornleifastofunni ehf.

Eyjófsstaðir í Vatnsdal – kumlarannsókn. Um þá framkvæmd sáu minjaverðir Norðurlands vestra og Norðurlands eystra.





Inghólsrústir

Friðlýstar fornleifar

Allar fornleifar á Íslandi eru friðaðar en einungis hluti þeirra hlýtur eða hefur hlotið friðlýsingu. Samkvæmt Þjóðminjalögum teljast allar minjar sem eru 100 ára og eldri til fornleifa. Fornleifavernd ákveður hvaða fornleifar skulu friðlýsa. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis friðlýstu minjanna en einnig má friðlýsa samfelld svæði.

Skráning friðlýstara fornleifa

Árið 1990 var gefin út skrá um friðlýstar fornleifar sem unnin var upp úr fyrir-
liggjandi friðlýsingarskjölum. Mikil þörf var á þessari útgáfu en skráin er því miður mjög ófullkomin. Stafar það einkum af því hversu upplýsingarnar á friðlýsingarskjölunum eru takmarkaðar. Til að skera úr um fjölda, ástand og tegund rústa á hverjum stað er nauðsynlegt að gera vettvangsúttekt á öllum stöðunum og vinna starfsmenn Fornleifaverndarinnar að því.

Samið var við fjarvinnslufyrirtækið Landvist á Húsavík um að skrá friðlýstar fornleifar í upplýsingagrunninn Sarp. Til þessa verkefnis fékkst 800.000 kr. styrkur frá Byggðastofnun til fjarvinnslu á landsbyggðinni. Ásgerður Þorsteinsdóttir sá um skráninguna á Húsavík.

Merking friðlýstra fornleifa

Upplýsingamiðlun um fornleifar landsins er mikilvægur þáttur í fornleifavernd. Væri æskilegt að gera skólanemendum grein fyrir mikilvægi minja og kenna þeim að „lesa“ í rústirnar og skilja hvaða sögu þær hafa að segja.

Fornleifarnar eru einnig afar mikilvægur þáttur í menningartengdri ferðaþjónustu og gott samband Fornleifaverndar ríkisins við ferðamálayfirvöld og ferðamálafulltrúa um land allt er mikilvægt. Sem dæmi mætti taka upp samvinnu í tengslum við gerð upplýsingaefnis sem tengist menningarminjum, gerð upplýsingaskilta og að bjóða upp á ferðir sem tengjast áhugaverðum menningarminjum. Eitt hlutverka fornleifaverndar er að merkja rústir og miðla upplýsingum. Hefur stofnunin sótt um fjármagn til að útbúa upplýsinga-

skilti og gera rústir aðgengilegar fyrir ferðamenn, en þeim þætti minjavörslu hefur lítið verið sinnt enn sem komið er. Sem dæmi mætti taka þekktustu rústir landsins, Stöng í Þjórsárdal, sem grafnar voru upp 1939. Fljótlega eftir uppgröftinn var byggt skýli yfir rústirnar sem var síðar endurbyggt og bætt nokkrum sinnum. En öll þessi ár hefur aldrei verið sett upp varanlegt upplýsingaskilti fyrir ferðamenn um fornleifarannsóknirnar í Þjórsárdal. Rústirnar á Stöng liggja nú undir skemmdum og hefur verið sótt um fjármagn til að lagfæra þær

Snemma á árinu var hafist handa við að fara yfir bréfasafn Þjóðminjasafns Íslands með það fyrir augum að leita ábendinga frá bréfriturum um fornleifar í landinu. Umfang safnsins er afar mikið en fyrstu ár safnsins hafa verið könnuð og verður verkinu haldið áfram





Kirkjugarðseifar í

Kirkjuminjar

Meðal fjölbreyttra verkefna Fornleifaverndar ríkisins er að hafa eftirlit með kirkjugripum í kirkjum landsins sem og minningarmörkum í kirkjugörðum. Minningarmörk eru þau verk í kirkjugörðum sem ætluð eru til að halda minningu hins látna á lofti, s.s. legsteinar, járnkrossar o.fl. Fornleifavernd veitir einnig kirkjugarðsstjórnnum eða sóknarnefndum ráðgjöf um varðveislu kirkjugripa og minningarmarka sem og annarra menningarminja.

Á fyrstu áratugum 20. aldar fór Matthías Þórðarson Þjóðminjavörður um landið og skráði m.a. kirkjugripa. Er sú skrá hvergi nærri tæmandi. Nú er hafin útgáfa ritraðarinnar *Kirkjur Íslands* á vegum Þjóðminjasafns, Húsafríðunarnefndar og Biskupsstofu. Mun hún auðvelda friðlýsingu og skráningu kirkjugripa og hafa þegar verið friðlýstir gripir í þremur kirkjum í Árnesþingi sem fjallað eru um í fyrsta bindi. Árið 2003 voru þeir gripir sem þegar hafa verið friðlýstir skráðir í upplýsingakerfið Sarp og verður þeirri vinnu haldið áfram 2004.

Gunnar Bollason verkefnisstjóri ritaði um minningarmörk í kirkjugörðum friðaðra kirkna í Árnessýslu í fjórða bindi ritraðarinnar *Kirkjur Íslands* sem kom út á aðventu 2003. Einnig lauk hann skrifum um minningarmörk á Hólum í Hjaltadal, Hofstaða-, Silfrastaða-, Goðdala- og Reykjakirkjugarði í Skagafirði. Í ágúst fór verkefnisstjóri í vettvangsferð til undirbúnings skrifa um sama efni í vesturhluta Skagafjarðar.

Gengið var frá gögnum um flokkun minningarmarka og umbúnað legstaða í Hólavallagarði sem unnin var fyrir Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Skýrsla um þessa flokkun kemur 2004.

Um mitt ár var hafist handa við skráningu og rannsóknir á eldri minningarmörkum í öllum kirkjugörðum Kjalarnesprófastsdæmis og stendur sú vinna yfir. Til verksins fékk Fornleifavernd ríkisins styrk frá Héraðsnefnd Kjalarnesprófastsdæmis og frá Kirkjugarðaráði.

Nokkur samskipti voru á árinu við sóknarnefnd Ingjaldshólskirkju á Snæfells-

nesi vegna flutninga gamalla legsteina inn í safnaðarheimilið á staðnum. Þá vann verkefnisstjóri skýringartexta við legsteinana fyrir sóknarnefndina.

Síðla árs var unnið að því að koma á fót vinnu- eða samráðshópi sem fjalla skal um öryggismál í íslenskum kirkjum. Þær stofnanir sem fulltrúa eiga í nefndinni eru Fornleifavernd ríkisins, Biskupsstofa, Ríkislögreglustjóri, Húsafríðunarnefnd og Brunamálastofnun.

Nokkrar fyrirspurnir bárust á árinu frá einstaklingum um meðferð gamalla minningarmarka yfir ættmennum þeirra og veitti Fornleifavernd leyfi til hreinsunar og viðgerðar þeirra auk almennra ráðlegginga varðandi þetta efni. Þá er unnið að gerð verklagsreglna um meðferð gamalla minningarmarka.





Á Suður-Grændandi

Samstarf

Fornleifavernd ríkisins hefur unnið að því að efla tengsl við erlendar stjórnsýslustofnanir á sviði fornleifaverndar og auka samstarf við innlenda og erlenda aðila sem tengjast minjavörslu á einhvern hátt. Eftirfarandi verkefni voru stærstu samstarfsverkefni sem Fornleifavernd tók þátt í árið 2003.

Samstarfsverkefni Íslands Grænlands og Svalbarða

Á vegum norrænu ráðherranefndarinnar var hrundið af stað samstarfsverkefni Íslands, Grænlands og Svalbarða undir heitinu: *Vernekriterier for geologiske forekomster og kulturminner*. Samstarfshópi fulltrúa þessara landa er ætlað að kanna hvaða forsendur hafi verið lagðar til grundvallar fyrir friðun náttúru- og menningarminja og hvort ástæða sé til að skilgreina þessar forsendur að nýju. Einnig hefur verið rætt um leiðir til að koma því á framfæri við almenning og ráðamenn að friðun náttúru- og menningarminja sé mikilvæg og ekki síður mikilvægi þess að friðun sé virt þegar fjallað er um framtíðarnotkun svæða þar sem slíkar friðanir eru í gildi. Í hópnum sitja tveir fulltrúar frá hverju landi, annar tengdur náttúruvernd en hinn fornleifavernd. Kristinn Magnússon er fulltrúi Fornleifaverndar ríkisins og auk hans situr Ingvar Sigurðsson jarðfræðingur í hópnum fyrir Íslands hönd. Fyrsti fundur samstarfshópsins var haldinn í Kaupmannahöfn dagana 28. og 29. nóvember 2002. Hópurinn hittist tvisvar á árinu 2003, á Svalbarða 23. – 26. apríl og á Íslandi 21. – 25. október. Hópurinn mun ljúka störfum á árinu 2004.

Representative kulturmiljær i Arktis.

Samstarfsverkefni Íslands, Noregs (Svalbarða) og Grænlands, á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um menningarminjar á norðurslóð. Verkefnið fór af stað í árslok 2003 og stendur fram til ársins 2005. Markmið verkefnisins er að skilgreina og leggja mat á valin þjóðminjavernðarsvæði (kulturmiljær) á Íslandi, Grænlandi og Svalbarða út frá sam-

eiginlegri sögu landanna á norðurslóð og jafnframt að leggja drög að verndaráætlun fyrir þessi svæði. Þór Hjaltalín minjavörður Norðurlands vestra tekur þátt í verkefninu fyrir hönd Íslands.

Þverfaglegt samstarf um minjavernd og landnýtingu

Fornleifavernd ríkisins stýrir nú þverfaglegum hóp sem efla skal samstarf aðila sem vinna að minjavernd og landnýtingu. Samstarfið hófst að frumkvæði Þjóðminjasafns Íslands árið 2001. Í hópnum sitja aðilar frá Skógrækt ríkisins, samtökum skógarbænda, Hólaskóla, Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, landbúnaðarráðuneyti, menntamálaráðuneyti og umhverfisráðuneyti, minjavörður Norðurlands eystra og annar fulltrúi Fornleifaverndar ríkisins.





Draugahellir

Verkefni minjavarða

Minjaverðir hafa umsjón með menningarminjum, hver á sínu minjasvæði, og vinna að verndun þeirra, skráningu og kynningu og hafa með þeim eftirlit. Minjaverðir leitast við að kynna almenningi, sveitarstjórnnum, skipulagsaðilum og öðrum þeim er málið kann að varða, þjóðminjalög, reglugerðir og réttar stjórnsýsluleiðir varðandi umhverfismat og skipulagsmál. Mikilvægt er að minjaverðir séu í góðu samstarfi við sveitarfélög á svæðinu, ekki síst í tengslum við skipulagsmál, en minjavörður veitir aðstoð og upplýsingar í tengslum við skráningu og varðveislu fornleifa.

Minjavörður Vesturlands og Vestfjarða

Minjavörður Vesturlands, Magnús A. Sigurðsson fornleifafræðingur, hefur aðsetur í Stykkishólmi og leggur Stykkishólmsbær til húsnæði og hluta rekstrarfjár.

Árið 2003 voru 34 deiliskipulagsmál afgreidd, öll af Vesturlandi.

Haldið var áfram átaki við að meta og merkja friðlýstar minjar. Árið 2003 voru 29 friðlýstar minjar á Vestfjörðum og 11 minjar á Vesturlandi kannaðar, þær myndaðar og hnitsettar.

Haldin var ráðstefna um Eyrbyggju í september 2003 sem Stofnun Sigurðar Nordals stóð að í samvinnu við heimamenn, m.a. minjavörð. Teknar voru saman upplýsingar um minjar á Vesturlandi tengdar Eyrbyggju, og fer það vel saman við átak til að meta og merkja friðlýstar minjar.

Árið 2003 sótti sótti minjavörður einnig ráðstefnuna Vestfirðir - aflstöð íslenskrar sögu og málþing/vinnufund um menningarlandslag / búsetulandslag í landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri.

Minjavarðarembættin á Vesturlandi/Vestfjörðum og Norðurlandi vestra kynntu starfsemi sína á fundi á Ísafirði ásamt forstöðumanni Fornleifaverndar ríkisins. Þar var þörfin á minjaverði fyrir Vestfirði ítrekuð.

Minjavörður Vesturlands og Vestfjarða situr í Breiðafjarðarnefnd sem fulltrúi minjavörslunar. Árið 2003 hélt nefndin níu fundi. Unnið er að því að koma Verndaráætlun Breiðafjarðar í framkvæmd.

Minjavörður Vesturlands sinnti fjölmörgum öðrum stærri og smærri verkefnum.



Norðurland vestra

Minjavörður Norðurlands vestra er Þór Hjaltalín. Skrifstofa minjavarðar er við Aðalgötu 2 á Sauðárkróki, en þangað flutti hún í árslok frá Glaumbæ. Sveitarfélagið Skagafjörður leggur til skrifstofuhúsnæði. Þann 22. sept. var gerð sú breyting á verkaskiptingu minjavarða að minjavörður Norðurlands vestra tók að sér að sinna báðum Ísafjarðarsýslum auk minjasvæðis Norðurlands vestra. Er þetta stórt svæði, en unnið er að því að fá sérstakan minjavörð fyrir Vestfirði.

Minjavörður veitti umsögn vegna mats á umhverfisáhrifum á sex stöðum, 1 svæðis- skipulagsmáls, 1 aðalskipulagsmáls og 10 deiliskipulagsmála og byggingarreita. Ýmiskonar smærri mál og eftirlit komu einnig til úrlausnar.

Haldið var áfram að kanna ástand friðlýstra minja en úttektir voru gerðar á Ströndum, A-Húnavatnssýslu og í Austur- og Vesturdal í Skagafirði á samtals 11 stöðum.

Sem fyrr hafði minjavörður afskipti af gömlum húsum á svæðinu, bæði húsum í húsasafni Þjóðminjasafnsins og í einka- eign og gaf umsögn vegna niðurrifs eins húss. Vakin var athygli menntamála- ráðherra, með bréfi og greinargerð, á málefnum torfbæjarinnis á Tyrfingsstöðum á Kjálka og er málið nú til meðferðar í ráðuneytinu.

Björgunarrannsóknir Fornleifaverndar settu mikinn svip á starf sumarsins á Norðurlandi vestra og fengu mikla athygli fjölmiðla, en alls voru gerðar þrjár slíkar rannsóknir á minjasvæðinu, á kumlategi í Keldudal, kirkjugarði og kirkju í Keldudal og kumli á Eyjólfstöðum í Vatnsdal.

Farið var af stað með menningarverkefni í A-Húnavatnssýslu í samstarfi við aðila á svæðinu undir heitinu *Á slóð Vatnsdæla- sögu* og var skrifuð greinargerð til kynningar á því. Verkefnið felst í því að kynna og gera aðgengilegar minjar í Þingum og í Vatnsdal, en í tengslum við það veitti samgönguráðherra styrk til þess að

halda úti staðarverði á Þingeyrum, sem starfaði þar yfir sumarmánuðina. Minjavörður sótti jafnframt um styrk í Nýsköpunarsjóð námsmanna til verkefnisins: *Til móts við söguna. Fornleifarannsóknir á Hólum í Hjaltadal gerðar aðgengilegar fyrir börn*. Var kennaraneminn Sigrún Fossberg ráðin til starfans í samstarfi við Hólarannsóknina og vann hún að verkefninu yfir sumarið og skilaði af sér niðurstöðum og greinargerð í sumarlok. Unnið var töluvert að kynningu, á minjum og starfssemi Fornleifaverndar á árinu, með erindum, leiðsögnum um minjasvæði, viðtölum, ráðgjöf og fundum með sveitarstjórnarmönnum, framkvæmdar- aðilum, skipulags- og byggingafulltrúum og fleirum.

Skriftir af ýmsu tagi tóku mikinn tíma minjavarðar á árinu. Ber þar hæst þátttöku í ritröðinni *Kirkjur Íslands*, en nú er unnið að skrífum um Skagafjarðarprófastsdæmi. Einnig má nefna framlag minjavarðar til sýningarbókar Þjóðminjasafns Íslands í tengslum við opnun nýrra grunnsýninga, en grein um *Verslun á miðöldum* liggur nú fyrir í handriti.



Norðurland eystra

Minjavörður Norðurlands eystra hefur skrifstofu á Minjasafninu á Akureyri. Héraðsnefnd Eyjafjarðar hefur látið minjaverði í té skrifstofu með skrifstofubúnaði, síma og tölvu. Auk þess leggur Héraðsnefndin fram 300 þús. kr. til rekstrar bifreiðar.

Miklar fornleifarannsóknir voru á svæðinu eins og verið hefur undanfarin ár. Minjasafnið á Akureyri stóð fyrir fornleifarannsóknum á Gásum í sumar eins og tvö undangengin sumur. Gásarannsóknin er samstarfsverkefni margra stofnana undir forystu Minjasafnsins á Akureyri, en Fornleifastofnun Íslands ses. hefur séð um framkvæmd hennar. Fornleifastofnun Íslands ses. stóð fyrir rannsóknum með uppgreiftri á sex stöðum í Suðurþingeyjarsýslu



Minjavörður hafði afskipti af tveimur skipulagsmálum á árinu. Mál vegna mats á umhverfisáhrifum voru sex.

Haldið var áfram að kanna, staðsetja, ljósmynda og skrá friðlýstar minjar.

Minjavörður fékk styrk frá verkefninu “Opin Menning” á vegum menntamálaráðuneytisins, til að gera upplýsingar um friðlýstar minjar aðgengilegar á vefsíðu Opinnar menningar.

Á árinu hófst samstarf minjavarðar og þjóðgarðsvarðar Þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum, um skráningu og kynningu fornminja innan þjóðgarðsins.

Þá fór minjavörður með Guðmundi Hallgrímssyni bónda á Hellulandi í Þegjandadal og kannaði rústir í austanverðum dalnum. Minjasafnið á Grenjaðarstað er í mynni dalsins. Hugmyndir eru uppi um að kanna minjar í dalnum og í framhaldi af því að koma á fót og kynna eins konar minjagönguleið.

Minjavörður er í starfshóp Fornleifa- varndar, landbúnaðarráðuneytisins, Skógræktar ríkisins og fleiri um minjar og landnýtingu.

Minjavörður var leiðsögumaður í minjagönguferð sem farin var eftir þingmannavegi frá Vaðlaþingi í Eyjafirði yfir Vaðlaheiði að Hróarstöðum í Fnjóskárdal.



Austurland

Guðný Zoëga, sem verið hefur minjavörður Austurlands undanfarin ár, lét af störfum í byrjun ársins. Við starfi hennar tók Hulda Sigurdís Þráinsdóttir. Minjavörður Austurlands hefur aðsetur á Egilsstöðum.

Þetta ár hafði minjavörður eftirlit með fornleifarannsóknum á tveimur stöðum í fjórðungnum. Á Skriðuklaustri var haldið áfram uppgrefti á munkaklaustri undir stjórn Steinunnar Kristjánsdóttur og í landi Sómastaðagerðis í Reyðarfirði fór fram uppgröftur vegna fyrirhugaðra framkvæmda við álver. Hann var unninn á haustmánuðum undir stjórn Bjarna F. Einarssonar. Auk þess voru teknar prufuholur í meinta rúst innan kirkjugarðs á Hofi í Vopnafirði og staðfestu þær að um mjög forna rúst er að ræða. Heimamenn hafa lýst yfir miklum áhuga á frekari rannsóknum á staðnum. Tilkynnt var um „nýja“ rúst skammt frá Kárahnjúkum. Vettvangskönnun studdi þá kenningu að um mjög forna rúst væri að ræða, en þar sem hún er innan þess svæðis sem fer undir uppistöðulón Kárahnjúkavirkjunar er ljóst að þar þarf að fara fram frekari rannsókn næsta sumar. Auk þessa var tilkynnt um mannabeinafund í Mjöldm við Hólmsá í Hornafirði. Ekki þótti ástæða til frekari rannsókna þar í bili, en ákveðið að fylgjast vel með staðnum sem er síbreytilegur vegna sandfoks og vatnaágangs.

Minjavörður kom að fjórum skipulagsmálum á árinu, aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps, deiliskipulagi á Hallormsstað og tveimur deiliskipulögum á Norður-Héraði. Lokið var við tvær svæðis-skráningar fornleifa á Austurlandi og í maí fór fram vettvangsskráning á lóð fyrirhugaðs álvers í Reyðarfirði. Minjavörður hefur fylgst með og gefið álit vegna nokkurra stærri framkvæmda sem ekki hafa talist umhverfismatsskyldar. Yfirleitt hefur verið um vegagerð að ræða. Tvisvar var óskað eftir áliti minjavarðar. Annarsvegar vegna minja sem voru í hættu vegna framkvæmda en hinsvegar minja innan sumarhúsalóðar.

Vinna við eftirlit friðlýstra minja hélt áfram og má telja að um 20 minjastaðir hafi verið skoðaðir á vettvangi. Undirbúningur fyrir athugun fleiri friðlýstra minja er auk þess vel á veg kominn.

Minjavörður sat, ásamt öðrum starfsmanni Fornleifaverndar, fund um skipulag Borgarfjarðarhrepps. Farið var í skoðunarferð um Víkur og Loðmundarfjörð í tengslum við þann fund.

Samhliða öðrum verkefnum hefur minjavörður sinnt almennum skrifstofustörfum. Hann hefur svarað margskonar fyrirspurnum og veitt aðstoð og ráðgjöf vegna ýmissa þátta sem snúa að varðveislu menningarminja. Einnig hefur hann átt samskipti við ýmsa hagsmunaaðila, t.d. byggingarfulltrúa sveitarfélaga, Vega-gerðina og margskonar verktakafyrirtæki.



Suðurland

Ekki er starfandi minjavörður á Suðurlandi og verða starfsmenn í Garðabæ því að sinna brýnustu verkefnum sem þar koma upp.

Vegna jarðskjálfta sem urðu á Suðurlandi árið 2000 ákvað forsætisráðuneytið að veita fjárstyrk til að gera úttekt á skemmdum sem orðið hefðu á manngerðum hellum á Suðurlandi og til viðgerða á þeim. Agnes Stefánsdóttir og Kristinn Magnússon gerðu úttekt á 27 friðlýstum hellum á árinu 2003 en friðlýstir hellar á Suðurlandi munu vera um 90.



Ákveðið var að ráðast í viðgerð forskála Árbæjarhellishelli í Holta- og Landsveit. Forskálinn er langur og mjór og í honum liggja 11 þrep niður í hellinn. Forskálinn féll saman í jarðskjálftunum. Víglundur Kristjánsson hleðslumaður sá um framkvæmdina.

Reykjanes

Þar eð ekki starfar minjavörður á Reykjanesi sinna starfsmenn í Garðabæ eftirliti með fornleifum á því svæði og öðrum verkefnum sem að höndum ber





Á ferð um Austfirði

Fjármál

Þá liði sem hækkuðu umtalsvert á milli ára 2002 og 2003, þ.e. laun og launatengd gjöld og aðkeypta þjónustu má að mestu rekja til fornleifarannsóknanna við Reyðarfjörð. Stofnunin hefur afar takmarkaða möguleika á að afla sértekna og er ekki að vænta að hún geti aflað sér jafnmikilla sértekna 2004 og árið 2003.

Rekstrarreikningur ársins 2003

	Skýr.	2003	2002
Tekjur			
Sala á vörum og þjónustu	1	19.403.404	11.019.824
Tekjur alls		<u>19.403.404</u>	<u>11.019.824</u>
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	2	36.269.264	29.618.384
Starfstengdur kostnaður	3	5.017.501	2.475.582
Rekstrarkostnaður	4	3.377.096	1.559.930
Aðkeypt þjónusta	5	13.297.827	2.453.348
Húsnæðiskostnaður	6	846.790	221.846
Framlög		1.163.000	0
		<u>59.971.478</u>	<u>36.329.090</u>
Eignakaup	7	878.601	208.439
Gjöld samtals		<u>60.850.079</u>	<u>36.537.529</u>
Tekjuafgangur (halli) án ríkisframlags		(41.446.675)	(25.517.705)
Framlag úr ríkissjóði		<u>36.500.000</u>	<u>30.054.000</u>
Tekjuafgangur (-halli)		<u>(4.946.675)</u>	<u>4.536.295</u>



Fjánhús í Garðabæ

Starfssemi

Starfsstöðvar og starfsfólk

Lyngás 7 í Garðabæ:

Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður
Sími: 5556630, fax: 5556631
Netfang: kristinhuld@fornleifavernd.is

Kristinn Magnússon
Deildarstjóri umhverfismats
Sími: 5556634, fax: 5556631
Netfang: kristinn@fornleifavernd.is

Agnes Stefánsdóttir
Deildarstjóri skipulagsmála
Sími: 5556633, fax: 5556631
Netfang: agnes@fornleifavernd.is

Gunnar Bollason
Verkefnisstjóri minningarmarkaskráningar
Sími: 5556632, fax: 555663
Netfang: gunnar@fornleifavernd.is

Sigurborg Hilmarisdóttir
starfsmaður (verkefnaráðin í hlutastarf)
Sími: 5556633, fax: 5556631
Netfang: g12@natmus.is

Minjavörður Vesturlands og Vestfjarða:

Magnús A. Sigurðsson
Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmi
Sími: 4381880/8659942, fax: 4381705
Netfang: magnus@fornleifavernd.is

Minjavörður Norðurlands vestra:

Þór Hjaltalín
Aðalgötu 2, 550 Sauðárkróki
Sími: 453 6203/845 8510, fax: 453 7998
Netfang: thor@fornleifavernd.is

Minjavörður Norðurlands eystra:

Sigurður Bergsteinsson
Aðalstræti 58, 600 Akureyri
Sími: 4621089/8659942, fax: 4612562
Netfang: sigurdur@fornleifavernd.is

Minjavörður Austurlands:

Hulda Sigurdís Þráinsdóttir
Laufskógum 1, 700 Egilsstaðir
Sími: 4711451/8641451, fax: 4711452
Netfang: hulda@fornleifavernd.is

Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar, Benedikt Eypórsson, hafði vinnuáðstöðu hjá Fornleifavernd ríkisins við að skrá útgefnar heimildir um jarðir, ábúendur, búnaðarhætti og fleira sem tengist sögu Breiðafjarðarsvæðisins árið 2003.

Útgáfa

Agnes Stefánsdóttir: *Fornleifaskráning 1980-2001. Ritaskrá.* Fornleifavernd ríkisins, Þjóðminjasafn Íslands, Rv., 2003.

Agnes Stefánsdóttir: *Útgefnar skýrslur um fornleifaskráningu 2002 auk nokkurra skýrsla frá 2001 sem vantaði í fyrri ritaskrá.* Fornleifavernd ríkisins, Rv., 2003.

Gunnar Bollason: „Minningarmörk“, kaflar í umfjöllun um Eyrarbakka kirkju, Gaulverjabæjarkirkju, Kotstrandarkirkju, Stokkseyrarkirkju, Strandakirkju, Úlfjótssvatnskirkju og Þingvallakirkju í *Kirkjur Íslands. Friðaðar kirkjur í Árnesprófastsdæmi*, Þjóðminjasafn Íslands, Húsafriðunarnefnd ríkisins, Biskupsstofa, Reykjavík, 2002, bls. 36-8, 74-6, 111-12, 143-4, 181-2, 212-13, 252-4.

Kristinn Magnússon: *Lambafell Rangárþingi eystra. Vettvangsathugun.* Fornleifavernd ríkisins, Rv., 2003.

Þór Hjaltalín *Ársskýrsla 2002. Minjasvæði Norðurlands vestra* 2003.

Þór Hjaltalín og Guðný Zoëga: *Kirkjugarður í Keldudal, Hegranesi.* Rannsóknarskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga. Glaumbæ 2003.

Sigrún Fossberg Arnardóttir: *Til móts við söguna. Fornleifarannsóknir á Hólum í Hjaltadal gerðar aðgengilegar fyrir börn.* Nýsköpunarverkefni unnið í samstarfi Fornleifaverndar/minjavarðar og Hólarannsóknarinnar. 2003.

Fyrirlestrar og miðlun

Agnes Stefánsdóttir:

Fornleifar í skógrækt. Landsýn. Ráðstefna um skógrækt á vegum Suðurlandsskóga. Kirkjubæjarklaustri 27. febrúar.

Strandminjar. Á stofnfundi Íslenska Vitafélagsins 26. apríl.

Fornleifavernd ríkisins. Kynning á stofnuninni, lagaumhverfi og fornleifum í skipulagi á þemafundi um aðalskipulag Borgarfjarðar eystri, Loðmundarfjarðar og Víknanna 30. ágúst.

Skaftafell. Ásamt Ragnari Frank Kristjánssyni á málþinginu: Hvað er Heimsminjaskrá UNESCO? í Þjóðmenningarhúsinu 5. nóvember.

Kristín Huld Sigurðardóttir:

Kynning á Fornleifavernd ríkisins í þættinum Laufskálanum í Ríkisútvarpinu 9. janúar.

Fyrirlestur um fornleifar á Reykjanesi hjá Rótaryklúbb Grindavíkur, 9. janúar.

Fyrirlestur um fornleifarannsóknir á Íslandi hjá Oddfellow, 5. febrúar.

Fyrirlestur: Challenges in conserving Archaeological Collections, á 5. ráðstefnu WAC (World Archaeological Congress), Washington, D.C., 22-26. júní 2003.

Fyrirlestur hjá Rotaryklúbb Árbæjar um fornleifavernd og fornleifarannsóknir 28. ágúst.

Fyrirlestur um sögu fornleifarannsókna í Þjórsárdal og fyrirhuguð verkefni þar á fundi Destination Viking Sagalands (Evrópuverkefni sem Ísland var aðili að), 30. ágúst.

Fyrirlestur um járnransóknir fyrir nema í fornleifafræði við Háskóla Íslands, 14. nóvember.

Sigurður Bergsteinsson:

Á leiksvið sögunnar. um “byggðaskipulag” til forna og nánin tengsl sagnfræðinnar og þjóðfræðinnar við fornleifafræðina. Á landsbyggðaráðstefnu Félags þjóðfræðinga á Íslandi og Sagnfræðingafélags Íslands á Akureyri 29. maí til 1. júní 2003.

Þór Hjaltalín:

Samstarf í minja- og menningarmálum á Norðurlandi vestra. Erindi flutt á fundi „sýsluhóps“ Skagafjarðar 25. feb. 2003.

Minjavernd á Norðurlandi vestra og störf minjavarða. Erindi flutt á fundi Rótaryfélags Skagfirðinga, Sauðárkróki 6. mars 2003.

Minjavarsla og fornleifarannsóknir. Erindi flutt fyrir nemendur Hólaskóla. Glaumbæ 19. mars 2003.

Íslendingasögur, staðarvitund og minjar. Flutt á ráðstefnu Sagnfræðingafélags Íslands og Félags Þjóðfræðinga um staðarvitund. Akureyri 30. maí 2003.

Skipulag þjóðminjavörslunnar á héraðs og landsvísu. Erindi flutt fyrir fornleifafræðinemendur í HÍ, á Hólum í Hjaltadal 19. mars 2003.

Nýibær á Hólum. Erindi flutt í tilefni safnadsins, Hólum í Hjaltadal 13. júlí 2003.

Skipulag minjavörslu og störf minjavarða. Erindi flutt á borgarafundi á Ísafirði 12. nóv. 2003.

Nefndasetur

Kristín Huld Sigurðardóttir á sæti í Heimsminjanefnd Íslands.

Kristín Huld Sigurðardóttir situr í Kirkjugarðaráði.

Kristín Huld Sigurðardóttir situr í ráðgjafanefnd þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.

Erlend samvinna

Kristín Huld Sigurðardóttir sótti fund þjóðminjavarða Norðurlanda.

Friðlýsingar

Flugvélarflak í Skerjafirði af gerðinni Northrop N-3PB Torpedo Bomber. Vélin fórst í seinni heimsstyrjöldinni.



Keflavík í Fjörðum
